

fangelsi í 60 daga. Svo verður og, samkvæmt ákvæðum sömu greinar, að svipta kærðan heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. febr. 1929.

Nr. 31/1928.

Eggert Kristjánsson & Co.
 gegn
Kristjáni Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu áfrýjanda er mál þetta hafið.

Áfrýjandi, Eggert Kristjánsson & Co., greiði stefnda, Kristjáni Gíslasyni, samkvæmt kröfu hans, 70 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1929.

Nr. 7/1929. **Magnús Jónsson** (Magnús Guðmundsson)
 gegn
bankaráði Landsbankans f. h. bankans (Pétur Magnússon).

Spurning hvort bankaráðsmaður, er lét af starfi vegna lagabreytingar og nýrra kosninga, ætti heimtingu á launum út kjörtímabil sitt.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. janúar 1929: Stefndu, bankaráðsmenn Landsbanka Íslands, f. h. Landsbanka Íslands, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnanda, Magnúsar Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Lög nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands, mæla svo fyrir, að kjósa skuli af nýju í bankaráð, án þess að geyma þeim bankaráðsmönnum, er fyrir sátu, sæti þeirra út kjörtímabil það, er þeir höfðu verið kosnir fyrir samkvæmt bankalögunum nr. 48/1927. Er þó títt, að lög, sem breyta eldra skipulagi, setji bráðabirgða ákvæði, að svo miklu leyti sem eldra skipulagið á að haldast, svo sem gjört er t. d. í 62. gr. sjálfra bankalaganna um bankastjórana.

Lögin gjöra heldur ekki nokkurs staðar ráð fyrir því, að eldri bankaráðsmennirnir, er víkja kynnu að þurfa fyrir nýkjörnum, eigi rétt til launa eða bóta fyrir það, að þeir sitji ekki áfram í ráðinu út kjörtímabil sitt.

Að þessu athuguðu, og svo hinu, að ekki er vitanlegt um neitt ákvæði í stjórnarskránni eða öðrum landslögum, er skift geti verulegu máli um hér umrætt atvik, þykir ekki verða komizt hjá því, að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt þessum úrslitum verður, samkvæmt kröfu stefnda, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 150 kr.

Setudómarinn, fyrverandi bæjarfógeti Karl Einarsson, hefir haft málið undir dómi um 13 vikur, og er jafnlangur frestur, um jafn óbrotið mál, ekki nægilega réttlættur af dómaranum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bankaráð Landsbankans, f. h. bankans, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Magnúsar prófessors Jónssonar.

Áfrýjandi greiði stefnda, að viðlagðri aðför að lögum, 150 kr. sem málskostnað fyrir hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Magnús Jónsson prófessor theol., Laufásvegi 63 hér í bænum, höfðað, eftir árangurslausa sáttatilaun, gegn bankaráði Landsbanka Íslands, þeim Sigurði Briem aðalpóstmeistara, Tjarnargötu 20, Jóhannesi Jóhannessyni bæjarfógeta, Suðurgötu 4, Jóni Baldvínssyni framkvæmdarstjóra, Miðstræti 10, Jóni Árnasyni framkvæmdarstjóra, Baldursgötu 11, öllum í Reykjavík, og Bjarna Ásgeirsyni, bónda á Reykjum í Mosfellssveit, með stefnu útgefni 23. júlí 1928, til þess að fá stefndu dæmda til að greiða sér, vegna Landsbanka Íslands, laun þau, er stefnandi telur sig eiga kröfu til sem bankaráðsmaður fyrir þann tíma, er kosið var til í nefnt bankaráð á Alþingi árið 1927, að því leyti, sem þau eru ekki þegar greidd, kr. 9866.66, en á því þingi var velnefndur Magnús Jónsson prófessor kosinn bankaráðsmaður. Ennfremur krefst stefnandi, að sér verði tildæmdur málskostnaður með kr. 480.00.

Aðalkrafa stefndu er sú, að bankaráðið, f. h. Landsbanka Íslands, verði algjörlega sýknað og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. Varakrafa stefndu er sú, að dýrtíðaruppbótin verði reiknuð eins hún er á hverjum tíma til starfsmanna ríkisins, því Landsbankinn sé eign ríkisins.

Málavextir eru þannig: Eftir fyrirmælum laga nr. 48 frá 31. maí 1927, var kosið í bankaráð Landsbankans vorið 1927, að gilda frá 1. júní það ár. Var sú kosning hlutfallskosning, og voru kosnir 4 menn, þar á meðal stefnandi þessa máls, og fór svo með hlutkesti síðar, að hann var kosinn til 4 ára.

En Alþingi 1928 nam úr gildi nýgreind lög, með lögum nr. 9 frá 15. apríl 1928, og feldu lög þessi niður umboð bankaráðs þess, er kosið hafði verið eftir lögunum frá 1927, og mæltu svo fyrir, að kosin skyldi af Alþingi landsbankanefnd, er aftur skyldi kjósa í bankaráðið, nema formann, er stjórnin skipar samkvæmt þáðum lögunum. Alþingi 1928 kaus svo í þinglokin 15 manna landsbankanefnd eftir lögunum frá 15. apríl

1928, og nefndin kaus svo 4 menn í bankaráðið eins og henni var skylt samkvæmt lögum þessum, og fór kosning sú svo, að stefnandi var ekki kosinn, heldur annar maður í hans stað, með hlutkesti milli hans og þessa manns, með því atkvæði voru jöfn hjá báðum, en þetta hlutkesti á að viðhafa, ef svo stendur á, samkvæmt nýnefndum lögum. Málsaðila greinir ekki á um þetta, og að Alþingi hafi haft heimild til að setja lögín frá 1928 og með þeim nema úr gildi lögín frá 1927.

En stefnandi heldur því fram, að Alþingi hafi orðið bótaskyld með athöfn þessari, og reynir að rökstyðja það með þeirri staðhæfing, að hér hafi verið um samning að ræða, í líkingu við almenna samninga manna á milli. Ennfremur tilfærir hann 16. gr. stjórnskipunarlaganna. Um hið fyrra atriði er það að segja, að til þess að gjöra samning þarf samningsaðila, en þeir finnast ekki í umræddu tilfelli. Um 16. gr. stjórnskipunarlaganna má hið sama segja, að hún á hér ekki við.

Það, sem Alþingi hefir gjört með setningu bankalaganna 1928 og niðurfelling laga um Landsbankann 1927, hefir það gjört án þess að brjóta nein ákvæði stjórnskipunarlaganna, og virðist því ekki um bótaskyldu að ræða, af þeirri ástæðu, heldur ekki hefir það rofið neinn samning, og verður því ekki bótaskyld, af þeirri ástæðu. Heldur ekki finnst neitt hliðstætt dæmi, sem varðar skaðabótaskyldu Alþingis. Þá hefir ekki myndast nein dómvenja um þetta stefnanda í vil, heldur nokkuð á annan veg eða þvert á móti, né almenn réttar- eða lagavenja. Hitt er annað mál, hvað Alþingi sjálf kann að álita sanngjarnt eða sjálfsagt, því ekki er hægt að neita því, að stefnandi hafi orðið, fyrir tilblutun þingsins og af tilviljun (sbr. hlutkestið), fyrir vonbrigðum, sem ekki eru venjuleg í almennum viðskiftum. Stefnandi gat að visu sagt sér sjálfur, að þetta gæti komið fyrir, þar sem alþingiskosningar fóru í hönd og tilögur svipaðar þeim, er gengu fram á Alþingi 1928, höfðu komið fram á þinginu 1927.

Það verður því ekki séð, að hægt sé að taka kröfur stefnanda til greina, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnandans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómarinn getur þess, að þótt ekki séu hér tilgreind einstök dæmi, að þá hafi hann víða leitað upplýsinga, ef hliðstæð dæmi myndust í löggjöf og dómum landsins, og að hann hefir verið veikur mestallan nóvember og nær allan dezember,

enda þótt hann hafi oftast haft nokkra fótavist, og er það eingöngu af þessum ástæðum, að dráttur hefir orðið á upp-sögu dóms þessa.

Miðvikudaginn 13. marz 1929.

Nr. 8/1929.

Réttvisin (Lárus Jóhannesson)
 gegn

Karli Stefáni Danielssyni (Stefán Jóh.
 Stefánsson).

Íkveikjutilraunir.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. dezbr. 1928: Ákærður, Karl Stefán Danielsson, sæti betrunarhússvinnu í 3 ár og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður ekki talið, að glæpir þeir, er ákærði hefir gjörzt sekur um, hafi verið fullkomnaðir.

Um íkveikjuna á Laugaveg 52 er það þannig upp-lýst, að þegar að var komið og eldurinn slökktur, var þilið, er fötin héngu á, aðeins litið eitt farið að sviðna, en enginn eldur kominn í það.

Þegar búið var að slökkva eldinn á Laugaveg 44, sást, að loftið upp undan körfunni, er ákærði hafði kveikt í, hafði sviðnað dálítið, en eldur ekki kominn í það, og um íkveikjuna í húsinu nr. 12 við Frakka-stíg hefir vitni, er þar kom að og slökkti eldinn, borið það, að logað hafi í tuskum á þvottahúsborðinu, og borðið sjálft og veggurinn þar upp af hafi verið far-inn að sviðna, og verður að skilja þetta svo, að hvorki hafi verið kominn eldur í borðið eða vegginn. Á öllum þessum stöðum er því um tilraun til íkveikju